



LÖGREGLUSTJÓRINN Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

Nefndarsvið Alþingis
Allsherjar – og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

20. mars 2019

Efni: Umsögn um frumvarp til almennra hegningarlaga, 534. mál á 149. löggjafarþingi.

Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940 (þrenging ákvæðis um hatursorðræðu). Frumvarpið er lagt fram í því skyni að þrengja gildissvið ákvæðis 233. gr. a með það að markmiði að auka um leið vernd tjáningarfrelsis hér á landi. Í greinargerð með frumvarpinu kemur meðal annars fram að það sé lagt fram til þess að bregðast við tveimur dómum Hæstaréttar Íslands frá árinu 2017 þar sem sakfelld var fyrir brot gegn ákvæðinu, nánar tiltekið dómum réttarins nr. 415/2017 og 577/2017. Verði frumvarpið að lögum verði verndarandlag 233. gr. a almennra hegningarlaga þrengt, en í þeirri breytingu muni felast að meira þurfi að koma til svo mönnum verði gert að sæta refsingu samkvæmt ákvæðinu en nú er. Í því felist um leið að dregið verði úr refsivernd þeirra hópa sem vísað er til í ákvæðinu.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu fellst ekki á nauðsyn þess að þrengja umrætt ákvæði og lýsir áhyggjum af því að vernd þeirra minnihlutahópa sem ákvæðinu er ætlað að veita verði fyrir borð borin. Í frumvarpinu er sérstaklega tekið fram að þótt Hæstiréttur telji kröfu um tiltekinn grófleika innbyggða í ákvæðið, í ljósi þeirra röksemda sem að baki því búa, verði að telja rétt að orða þann grófleika með einhverjum hætti í ákvæðinu sjálfu. Embættið telur að eftirláta verði dómstólum að meta þann grófleika ummæla sem þurfa að koma til án þess að löggjafinn setji dómstólum of þröngar skorður. Telur lögreglustjóri jafnframt að dómarnir sem vísað er til í greinargerð með frumvarpinu hafi verið vel rökstuddir af meirihlutanum og taldi rétturinn meðal annars að engin réttmæt efni stæðu til að telja löggjafann hafa farið út fyrir mörk meðalhófs með setningu 233. gr. a. Jafnframt kemur fram að reglur þess ákvæðis verði að teljast nauðsynlegar í skilningi 2. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar til að sporna við fordómum, andúð og fyrirlitningu í garð afmarkaðra



LÖGREGLUSTJÓRINN Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

Þjóðfélagshópa, sem unnt væri að stuðla að með hatursorðræðu. Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu bendir enn fremur á að sýknað var í þriðja málinu, máli nr. 354/2017, á þeim grundvelli að Hæstiréttur taldi ummæli þau sem ákært var fyrir ekki ná því stigi að teljast til hatursorðræðu samkvæmt ákvæðinu.

Í greinargerð með frumvarpinu er enn fremur vísað til ákvæða 1. mgr. 185. gr. norsku hegningarlagna (n. lov om straff) og 266. gr. b dönsku hegningarlagna (d. straffeloven) og tekið fram að nógildandi ákvæði 233. gr. a. almennra hegningarlagna sé rýmra en þau ákvæði en að horft hafi verið til þeirra við setningu 233. gr. a. Þó kemur einnig fram að ákvæði Norðurlandanna séu á ýmsan hátt opnari. Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu telur framangreind ákvæði norsku og dönsku hegningarlagna sambærileg því íslenska en bendir jafnframt á að í 2. mgr. 266. gr. b. dönsku hegningarlagna kemur fram að þegar refsing er ákvörðuð skal það vera til sérstakrar refsilyngingar ef háttsemin hefur einkenni áróðurs. Telur lögreglustjóri fremur nauðsyn standa til þess að sambærilegt ákvæði yrði bætt við 266. gr. a. fremur en þrengja nógildandi ákvæði. Ber einnig að geta þess að samkvæmt 1. mgr. 185. gr. norsku hegningarlagna nægir stórkostlegt gáleysi til verknadar til þess að háttsemi teljist refsiverð en samkvæmt 233. gr. a. almennra hegningarlagna þarf alltaf ásetning til. Þannig þarf minna til að koma til þess að háttsemi teljist refsiverð samkvæmt norska hegningarlagaákvæðinu. Þá er refsiramminn jafnframt hærri.

Virðingarfyllt,
fyrir hönd lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu,



María Karadóttir
aðstoðarsaksóknari